

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

Beljur og beinleysingjar

Ragnars saga loðbrókar í karnivalísku ljósi

Ritgerð til B.A.-prófs

Árni Davíð Magnússon

Kt.: 090993-2599

Leiðbeinandi: Aðalheiður Guðmundsdóttir

Maí 2018

Ágrip

Í þessari ritgerð verður *Ragnars saga loðbrókar* til umfjöllunar, nánar tiltekið þáttur Ívars beinlausa Ragnarssonar og kýrinnar Síbilju. Sá þáttur hefur ekki að ráði verið greindur út frá bókmenntafræðilegum kenningum og bætir eftirfarandi ritgerð úr því. Lagt er til að þáttinn megi skoða með hliðsjón af grundvallarkenningum rússneska fræðimannsins Mikhails Bakhtins um *karnival* og *grótesku*. Í fyrsta hluta ritgerðarinnar eru kenningar Bakhtins reifaðar stuttlega, sem og notkun þeirra í samhengi íslenskra miðaldabókmennta, og jafnframt sýnt hvernig þeim má beita á aðrar tegundir sagna en áður hefur verið gert.

Lesendur eru kynntir fyrir Ívari beinlausa og Síbilju í öðrum kafla meginmálsins, þar sem rök eru leidd að því að Ívar megi túlka sem karnivalíska hetju og Síbilju sem samsvarandi andstæðing. Að teknu tilliti til rannsóknarsögu þeirra beggja og hlutverka innan texta *Ragnars sögu* eru fyrri kenningar sem lúta að þessu sérkennilega pari endurskoðaðar, með sérstakri áherslu á hin karnivalíska og grótesku einkenni þessara persóna. Í þriðja og síðasta kafla eru Ívar og Síbilja síðan leidd saman í nákvæmri bókmenntagreiningu á átökum þeirra, þar sem m.a. verða dregnar fram kynferðislegar skírskotanir átakanna, sem lítill gaumur hefur verið gefinn hingað til. Að lokum er sýnt hvernig *Ragnars saga* nær sínum karnivalíska hápunkti í þætti Ívars og Síbilju, þar sem hefðbundnar siðakreiddur liggja á milli hluta og gróteskir líkamar eru í algleymingi.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
1. Karnival og gróteska – Hugmyndasaga og notagildi.....	2
2. Ragnars saga loðbrókar	9
2.1 Ívar beinlausi.....	10
2.2 Síbilja	17
3. Einvígi Síbilju og Ívars beinlausa.....	21
Niðurstöður.....	26
Heimildir.....	28

Inngangur

Áhugi á *Ragnars sögu loðbrókar* hefur sjaldan verið meiri en um þessar mundir og er skemmst að minnast nýlegrar sjónvarpsþáttaraðar, *Vikings*, sem hefur notið mikilla vinsælda. Þótt hver geti haft sínar skoðanir á framsetningu dægurmenningar á fornsagnahetjum, þá má engu að síður velta vöngum yfir því hvað býr að baki slíkri endurritun á aldagömlu efni. Í tilfelli *Ragnars sögu* mætti þar nefna ýmislegt, og ugglaut eru mörg einkenna hennar enn til þess fallin að vekja almennan áhuga – eftirminnilegar persónur, hröð atburðarás og stórkostleg einvígi – allt leikur þetta saman við að skapa áhugaverðan sagnaheim, þá sem nú. Eflaust myndu einhverjir lesendur hvá við blaðafyrirsögninni „Beinlaus maður vegur göldrótta kú“, en hvað sem því líður mun sá kafli *Ragnars sögu*, einvígi Ívars hins beinlausa Ragnarssonar við kúna Síbilju, koma mjög við sögu í þessari ritgerð.

Þátturinn af þeim Ívari og Síbilju er einungis einn af fjöldamörgum efnisþáttum *Ragnars sögu*, sem er allflókin, og einkennist af samspili efnis úr ólíkum áttum sem erfitt getur verið að skýra til fulls. Hina mismunandi þætti er hægt að nálgast á ýmsa vegu, svo sem með samanburði við aðrar sögur, táknfræðilegri og jafnvel frásagnarfræðilegri greiningu. Í eftirfarandi ritgerð verður stuðst við þær aðferðir sem þurfa þykir, en áhersla verður lögð á nýstárlega nálgun í þeim tilgangi að sýna fram á að skilja megi þátt þeirra Ívars og Síbilju á öðrum forsendum en hingað til hefur verið gert.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar verður gerð grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem liggja til grundvallar, en stuðst verður við kenningar Mikhails Bakhtins og sporgöngumanna hans um karnival, grótesku og hláturmenningu miðalda. Enn fremur verður kastljósinu beint að karnivalrannsóknum á íslenskum fornþókmenntum, sem hingað til hafa þó aðallega hverfst um Íslendingasögur, og skýrt hvernig karnivalið gæti sömuleiðis átt sér birtingarmynd í sagnahópi *fornaldarsagna* einkum og sér í lagi í tilfelli *Ragnars sögu loðbrókar*. Markmið fyrsta hlutans verður að rýmka þær skírskotanir sem karnivalið getur haft með því að sýna hvernig þókmenntaeinkenni karnivalsins geta smeygt sér inn í hinar aðgreinanlegustu tegundir sagna, jafnvel þeirra sem fyrirfram gætu virst ófrjór grundvöllur þess háttar greiningar.

Í þeim tilgangi að styrkja stoðir þókmenntagreiningarinnar verður litið til fornaldarsagna almennt og sér í lagi hvernig *Ragnars saga* mætir lesendum sínum og

áheyrendum í sögulegu og bókmenntalegu samhengi þeirra. Þá verða gerendur þess þáttar sem um ræðir, Ívar og kýrin, greindir sitt í hvoru lagi áður en hlutverk þeirra verður skoðað í samhengi. Í tilfelli Ívars Ragnarssonar verður fjallað um viðurnefni hans, *hinn beinlausí*, og hvernig það hefur hugsanlega orðið til, að nokkrum hluta með vísunum í umfjallanir annarra um nafn hans, t.a.m. hvernig nafnið hefur verið talið skírskota til getuleysis, en einnig munu viðbótartúlkarnir sýna hvernig bæði viðurnefni Ívars og hann sem sögupersóna samverka á mismunandi merkingarflötum, bæði táknfræðilegum og bókstaflegum. Symbólismi kúa í norrænni menningu og bókmenntum verður því næst reifaður og mun sú umfjöllun leiða yfir í sjálfa Síbilju, en sú tiltekna kýr á sér merkilega sögu sem kann mögulega að teygja anga sína allt austur til Indlands. Rannsóknarsaga Ívars og Síbilju mun leiða í ljós umtalsvert túlkunarfræðilegt svigrúm þar sem kenningar Bakhtins koma til með að nýtast vel. Mun það sýna sig hvað skýrast með nánnum lestri á samskiptum Ívars og Síbilju.

Þáttur þeirra Síbilju og Ívars hefur ekki verið greindur bókmenntafræðilega að neinu ráði. Fræðimenn á borð við Rory McTurk (1996, 190–191) og Elizabeth Ashman Rowe (2012, 209; 235) hafa vissulega tæpt á þættinum en þá eru gerendur iðulega aðskildir og átökum þeirra lítill gaumur gefinn. Mun því nýmæli þeirrar greiningar sem hér birtist verða umtalsvert. Með nákvæmum lestri texta og grundvallarkenningum Bakhtins verða m.a. dregnar fram þær kynferðislegu skírskotanir sem bardagi þessi virðist hafa; grótesk ásýnd Ívars og aðgerðir hans í títtnefndum þætti hans og Síbilju munu leiða til endurskoðunar á persónu hans innan bókmenntatextans og í framhaldinu verða leidd að því rök að þar sé hetjuímynd málum blandin. Í bókmenntatextum geta lesendur einatt speglað tilfinningar löngu liðinna kynslóða og með rökstuddum túlkunum má vonast til þess að hugarheimur þeirra sem skrifað var fyrir, sem og þeirra sem skrifuðu, verði nútímalesendum auðsærri.

1. Karnival og gróteska – Hugmyndasaga og notagildi

Í bókmennta- og menningarfræðum þarfnast rússneski fræðimaðurinn Mikhail Bakhtin lítillar viðkyrningar. Allt frá því að verk hans bárust til Vesturlanda á sjöunda áratug síðustu aldar hefur innsýn hans og umfjöllun um miðaldasamfélagið og það sem hann kallar *hláturmenningu* þess verið nokkuð fyrirferðarmikil. Í velþekktri bók sinni um verk rithöfundarins François Rabelais útlistar Bakhtin kenningar sínar um tvö hugtök sem

óspart verður vísað til í eftirfarandi máli, en þau eru *karnival* og hið *gróteska*. Karnivalið, í umfjöllun Bakhtins, vísar í fyrsta lagi til ákveðins félagslegs viðburðar sem gegndi veigamiklu hlutverki í samfélagi miðalda (Bakhtin, 1984, 5). Karnivalið var alþýðlegt, tilheyrði alþýðumenningu, og var mótvægi við reglufestu opinberra yfirvalda. Þótt karnivalið hafi einkum átt sér birtingarmyndir í ýmsum alþýðuskemmtunum, leikjum og leiksýningum vildi Bakhtin ekki einvörðungu líta á það sem listform, heldur taldi hann að um væri að ræða annan veruleika, sem væri talsvert frábrugðinn hinum opinbera veruleika. Á tilteknum tíma árs, fyrir lönguföstu, lifðu menn og hrærðust í hinum karnivalíska veruleika þar sem hlátur var alltumlykjandi. Karnivalið var tímabundin lausn frá hinum ráðandi viðhorfum, og innan þess fyrirfannst hvorki stigveldi né siðakreddur. Í stuttu máli sagt er allt leyfilegt og látið flakka innan karnivalsins. Allir eru þar jafnir, háir sem lágir (Bakhtin, 1984, 6; 10). Á tíma karnivalsins er öllu snúið á haus, hinu „háleita“ er fleygt af stalli sínum og hið „lága“ er upphafið. Birtist þetta m.a. í viðsnúningi á samfélagsstöðu en einnig í tíðum tilvísunum til hinna „lágu“ hvata og líkamshluta, svo sem saurláts, kynfæra o.fl. (Bakhtin, 1984, 11).

Hinn karnivalíska *hlátur* er leiðarstef umfjöllunar Bakhtins. Bakhtin skilgreinir hann ekki sem einstaklingsbundið viðbragð heldur sem hlátur fjöldans. Hláturinn beinist að öllu og öllum, bæði þeim sem hlæja og þeim sem hlegið er að. Tvíbendi hins karnivalíska hláturs er lykilatriði; hann innlimar andstæður og er samtímis gleðilegur og niðurlægjandi. Hann getur afhelgað vald en einnig styrkt það (Bakhtin, 1984, 11–12). Á þann hátt er karnivalið sjálft; þó að það geti falið í sér lausn frá hinu viðtekna er frelsið tímabundið eins og áður var nefnt, og þegar karnivalinu lýkur eiga hin ríkjandi yfirvöld því möguleika á að styrkja stöðu sína enn frekar.

Auk þess að greina karnivalið sem félagslega athöfn leggur Bakhtin ríka áherslu á birtingarmyndir þess í ræðu og riti. Verk áðurnefnds Rabelais eru að hans mati skýrasti vitnisburðurinn um hina karnivalíska bókmenntahefð (Bakhtin, 1984, 17–19). Framsetning Rabelais á mannlíkamanum í verkum sínum verður Bakhtin tilefni til þess að skilgreina hið *gróteska raunsæi*. Innan þess birtist líkaminn í sinni ýktustu mynd. Athafnir hans eru þar ekkert feimnismál heldur er þeim beinlínis hampað. Eins og hinn karnivalíska hlátur er hinn gróteski líkami ekki einstæður heldur beinir hann athygli sinni öðru fremur að hinu almenna: þetta er líkami allra, vegna þess að allir líkamar hafa sömu þarfir. Hinn gróteski

líkami afhelgar hið háleita og fullkomna og er iðulega afskræmdur, ljótur og ófullkominn. Í sínu ófullkomna ástandi er hann opinberun eilífrar verðandi; hann er ekki aðskilinn frá umhverfi sínu heldur órjúfanlegur hluti þess. Til marks um það einkennist hinn gróteski líkami af skynfærum og líkamshlutum sem tengja manninn við umhverfi sitt og náttúru:

The stress is laid on those parts of the body that are open to the outside world, that is, the parts through which the world enters the body or emerges from it, or through which the body itself goes out to meet the world. This means that the emphasis is on the apertures or the convexities, or on various ramifications and offshoots: the open mouth, the genital organs, the breasts, the phallus, the potbelly, the nose. The body discloses its essence as a principle of growth which exceeds its own limits only in copulation, pregnancy, childbirth, the throes of death, eating, drinking or defecation.

(Bakhtin, 1984, 26)

Gróteski líkaminn sameinar líf og dauða með því að myndgera þessar grundvallarandstæður á hátt sem gerir mörk þeirra ógreinileg, t.d. með því að sýna tvo líkama í einum; annan deyjandi og hinn að fæðast (Sama heimild, 26). Enn fremur lætur hann sig hégóma eða niðurlægingu litlu varða og getur því hafið sig yfir skilgreiningar ríkjandi yfirvalds á því hvernig líkami á að vera eða haga sér (Emerson, 1997, 164). Hann lætur m.ö.o. ekki kúga sig til hlýðni og staðalímyndar.

Það má vel greina nokkurn andófstón af þessari stuttu yfirferð og hefur karnivalið og ýmis sérkenni þess vissulega verið skilgreint sem „orðræða hinna valdalaus“ (Helga Kress, 1996c, 102).¹ Hins vegar hefur karnivalið sem einkenni miðaldasamfélags sætt nokkurri gagnrýni og á það bent að hlátursamfélag Bakhtins sé í raun útópía hans sjálfs því að raunverulegar karnivalískar sýningar hafi ekki ávallt verið svo gleðilegar sem hann staðhæfir, heldur hafi þær hreinlega getað verið undirokandi. Sér í lagi hefur það vakið grunsemdir gagnrýnenda hve lítið Bakhtin gerir úr því mikla ofbeldi sem oft og tíðum setti mark sitt á karnivalið (Emerson, 1997, 164–165). Eins hafa hugmyndir Bakhtins um hlátur verið dregnar í efa, t.a.m. sú skoðun hans að hlátur sé eitthvað annað og meira en einstaklingsviðbragð, því hlátur sá sem Bakhtin nefnir verði beinlínis þrúgandi ef hann er alltumlykjandi og gegndarlaus (Sama heimild, 181). Þótt karnivalið hafi ef til vill ekki verið

¹ Hér vísar Helga reyndar til slúðurs sem hún tengir við karnivalíska orðræðu.

sú uppreisn gegn yfirvaldi sem Bakhtin vildi vera láta þá hafa bókmenntaskírskotanir þess verið öllu lífseigari. Þau einkenni karnivalsins og gróteskunnar sem hér hafa verið nefnd skjóta rótum víða og hafa verið greind á ólíklegustu stöðum; Aron Gúrevítsj (1988, xvii) nefnir t.a.m. að alþýðleg einkenni hafi iðulega birst í skrifum menntaðrar yfirstéttar á miðöldum, því sem næst ómeðvitað, sem sýni að hið opinbera og alþýðlega hafi vel getað lifað farsælu samlífi. Meira að segja hafa karnivalísk einkenni nýlega verið greind í Gamla testamentinu, texta sem sjaldan er tengdur andófi eða afhelgun (sjá Paynter, 2016, 106–113). Það er því skiljanlegt að ýmsir þættir karnivals og grótesku hafi sömuleiðis verið dregnir fram í hinum norræna sagnaarfi sem nú verður tekinn til umfjöllunar.

Ýmislegt bendir til þess að siðir sem tengjast karnivali á einn eða annan hátt hafi tíðkast í norrænu miðaldasamfélagi. Stig Eriksson (2002, 2–3) hefur t.a.m. bent á mikilvægi hátíðlegra athafna og leikja í tengslum við vetrarsólstöður í samhengi hinnar norrænu jólahefðar, en þeim fylgdi jafnan mikil gleði og drykkja. Karnivalískar leiksýningar þar sem hefðbundnum samfélagsgildum og reglum er snúið á haus virðast sömuleiðis hafa farið fram og ber *Lokasenna* t.d. nokkur einkenni þess að hafa verið sýning af þeim toga (Ármann Jakobsson, 2009, 35–36). Önnur eddukvæði, svo sem *Skírnismál* og *Hárbarðsljóð*, hafa sömuleiðis verið nefnd til marks um ævagamla leikhefð meðal Norðurlandabúa (Gunnell, 1995, 2). Ef sviðið er þrengt að íslensku samfélagi einvörðungu, þá hafa ýmsar heimildir verið tíndar til um dansa, gleðir og vikivakaskemmtanir sem kunna að hafa tíðkast hérlendis allt til loka 18. aldar (sjá Aðalheiði Guðmundsdóttur, 2009, 103–105). Slíkar skemmtanir einkenndust gjarnan af óhóflegri drykkju og samdrætti karla og kvenna sem þótti nánari en góðu hófi gegndi. Enn fremur hefur verið bent á að borið hafi á karnivalískum umsnúningi í danskvæðatextum (Sama heimild, 117). Einnig hefur Helga Kress (1996b, 53) sett einstaka skemmtanir, eins og Jörfagleðina, í samhengi við karnivalísk hátíðarhöld. Helga hefur sömuleiðis tiltekið Reykhólabrúðkaup Sturlungu máli sínu til stuðnings um að karnivalískar át-, drykkju- og gleðiveislur hafi sannarlega verið iðkaðar á Íslandi á miðöldum, þar sem hömluleysið var um skamma stund í algleymingi (Sama heimild, 54–56).

Ef einkenni gróteskunnar eru gaumgæfð í norrænu samhengi þá hefur því verið haldið fram að þau séu í raun einn veigamesti þátturinn í heimsmynd norrænna manna. Í heimssögu þeirri sem lýst er í Gyfaginningu Snorra-Eddu er jörðinni t.a.m. lýst bókstaflega

sem gróteskum líkama, þar sem líkamshlutar samsvara náttúrufyrirbrigðum (Gúrevítsj, 1985, 54–55; 57). Þar sem helstu heimildir um þessa heimsmynd eru bókmenntalegar þá má vel spyrja að hve miklu marki þessi grótesku einkenni birtast í íslenskum bókmenntum miðalda. Sé litið til þess fræðimanns sem mest hefur fjallað um efnið, Helgu Kress, má ætla að þau séu veigamikil. Helga telur að gróteska og karnival séu ein helstu einkenni Íslendingasagna sem bókmenntagreinir (Helga Kress, 1996a, 8). Það ætti ekki að koma á óvart, í ljósi þess sem á undan er sagt um karnival og hið gróteska raunsæi, að Íslendingasögur hafi verið greindar á slíkan hátt. Vel þekkt raunsæi þeirra og yfirborðshlutlægni hefur reynst frjó uppspretta karnivalískrar bókmenntagreiningar. Í skrifum Helgu um *Fóstbræðra sögu* og *Brennu-Njáls sögu* sýnir hún glögglega hvernig höfundar sagnanna beita raunsæi í írónískum tilgangi, og afhelgar með því þann hetjuljóma sem af persónum sagnanna hafði stafað. *Fóstbræðra sögu* endurskilgreinir hún sem „gamansögu“ (Helga Kress, 1996b, 51) og sýnir fram á, með dæmum, að hún beri flest öll einkenni grótesks raunsæis: áhugi á líkamlegum einkennum, háðskar mannlýsingar, gróteskt borðhald og viðsnúningur kynjahlutverka er m.a. það sem einkennir söguna (Sama heimild, 56–65). Enn fremur leggur hún til að sagan sé lesin sem gagnrýni á spillt þjóðfélag, og má segja að hún sameini þá flest það sem Bakhtin nefnir í sínum skrifum (Sama heimild, 65). Einkenni þessi birtast jafnvel í hinu helgasta véi Íslendingasagna, *Brennu-Njáls sögu*, og sjálfa brennuna á Bergþórshvoli túlkar Helga sem karnivalíska sviðsetningu þar sem ægir saman öllu því sem hún telur einkenna grótesku Íslendingasagna (Helga Kress, 1996d, 160). Fáir hafa gert karnivali í samhengi íslenskra miðaldabókmennta jafnrækileg skil og Helga, og fleiri dæmi mætti vissulega nefna úr greinum hennar. Hér eru einungis nefnd þau atriði sem geta skipt máli í samhengi *Ragnars sögu*, einkum og sér í lagi er það afhelgun hetjunnar, Ívars beinlausa, sem fjallað verður um í næsta kafla. Lýsing Ívars ber vott um sams konar áhuga á líkamlegri grótesku og Helga nefnir og sömuleiðis má setja gjörðir hans í sögunni í írónískt og spaugilegt samhengi. Líkt og söguhetjur *Fóstbræðra sögu* kann Ívar að vera eins konar karnivalísk hetja.

Gunnar Þorri Pétursson (2016) hefur rakið þau áhrif sem skrif Helgu höfðu á fræðasamfélagið á Íslandi og er hann gagnrýninn á þróun Bakhtinfræða hérlendis. Framlag Helgu telur hann „róttækasta framlagið til rannsókna tengdum Bakhtín hér á landi og það eina sem á alþjóðlegt erindi“ (Gunnar Þorri Pétursson, 2016, 156). Hann færir þó ekki

beinlínis rök fyrir því að sporgöngumenn Helgu eigi ekkert alþjóðlegt erindi, heldur virðist fremur telja að þeir api eftir niðurstöðum hennar og séu því nokkuð ófrumlegir í nálgun (Gunnar Þorri, 2016, 172). Gunnar telur að að Bakhtinumfjöllun í íslenskri bókmenntaumuræðu nái hámarki árið 1994 og sé þá jafnframt orðin ansi bitlaus. Líkir hann karnivali og grótesku við samkvæmisleik:

Setja má nánast hvaða viðfangsefni í samhengi við þau og nálgunin verður sjálfkrafa ögrandi, uppreisnargjörn, forboðinn ávöxtur; usli. Hátt verður lágt, andlegt að líkamlegu ... Þetta verður fljótlega ansi þreytt. Hvergi er gerð alvarleg tilraun til að tengja þessi hugtök við bókmenntirnar sem þau spruttu upp úr – jafnvel þótt *Gargantúi og Pantagrúll* birtist í íslenskri þýðingu Erlings E. Halldórssonar árið 1993.

(Gunnar Þorri, 2016, 173)

Á framlag Helgu sjálfrar er hann heldur ekki gagnrýnislaus og bendir m.a. á tilhneigingu hennar til einföldunar og alhæfingar á orðum Bakhtins, m.a. í áður nefndri greiningu á Njálsbrennu (Gunnar Þorri, 2016, 174).

Tvennt er við málflutning Gunnars að athuga. Í fyrsta lagi má að nokkru leyti taka undir þau orð hans að fræðimenn eigi til að alhæfa í notkun sinni á hugtökum Bakhtins, en það er þó ekki endilega ókostur. Því hefur verið haldið fram að eitt af því sem gerir kenningar Bakhtins spennandi sé möguleiki þeirra á e.k. algildi, menningarlegu sem líkamlegu (Emerson, 1997, 162–163). Karnivalið sættir andstæður og lætur þær mætast á jafningjagrundvelli. Þó þetta sé vitaskuld alhæfing þá hefur hún sitt aðdráttar afl, enda hefur karnivalið verið greint víða sem áður sagði. Það er sömuleiðis örðugt að sniðganga alhæfingar að öllu þegar fengist er við teóríu. Hugmyndir koma ekki fullmótaðar til gagnrýnandans og eitt hlutverk hans er óhjákvæmilega það að grípa einhverja ákveðna hugsun eða yrðingu og vinna úr henni á skapandi hátt. Ef taka ætti tillit til allra þeirra kenja og blæbrigða sem jafnan fylgja skilgreindum hugtökum þá væri betur heima setið en af stað farið, því hætta er á að rökræður myndu vart þokast áfram. Í öðru lagi þá felur ofangreind tilvitnun Gunnars í sér sams konar einföldun og hann sakar aðra um. Þótt flestir bókmenntafræðingar vilji vitaskuld skapa umræðu og efast um það sem áður hefur verið sagt þá eru það talsverðar ýkjur að allir séu þeir í uppreisnarham og sækji þess vegna svo mjög í kenningar Bakhtins. Sé ályktun Helgu rétt, að karnival og gróteska sé eitt

höfuðeinkenna Íslendingasagna, þá hlýtur að vera athyglisvert að kanna hvort þau einkenni kunni að birtast annars staðar í íslenskum miðaldabókmenntum, án þess að hafa endilega gefið sér það fyrirfram. Að lokum þá virðist sú athugasemd Gunnars óþörf, að ekki sé tekið tillit til upphaflegra verka Rabelais við greiningu karnivals og grótesku. Sem fyrr sagði þá hafði karnival Bakhtins mun breiðari skírskotun en til verka Rabelais einvörðungu; þótt bókmenntaeinkenni karnivals og grótesku finnist þar í ofgnótt þá útilokar það ekki að sambærileg einkenni sé að finna annars staðar, einkenni sem eru allsendis óháð *Gargantúa og Pantagrúll*. Ætla má, að minnsta kosti, að einkenni bókmennta sem voru skrifaðar á 13.-eða 14. öld séu þess eðlis, þar eð Rabelais ritaði sín verk á 16. öld. Rabelais bjó ekki til karnivalið og heldur ekki Bakhtin ef því er að skipta. Bakhtin bar kennsl á það og felldi inn í sína umfjöllun um hláturmenningu miðalda, menningu sem náði lengra aftur en sem nemur François Rabelais.

Að því sögðu er rétt að líta til þess hvort réttlætanlegt sé að tala um karnival og gróteskt raunsæi í samhengi fornaldarsagna, en þær eru sannarlega nokkuð frábrugðnar þeim Íslendingasögum sem Helga Kress hefur hvað mest vísað til. Um fornaldarsögur hefur til dæmis verið sagt að í þeim hafi íslenskir sagnaritarar gefið „ímyndunaraflinu lausari taum en í flestu öðru sem þeir festu á bókfell á miðöldum“ (Torfi H. Tulinius, 1993, 167). Því er raunsæi ef til vill ekki sýnt með sambærilegum hætti og í Íslendingasögum. *Raunsæi*, sem hugtak, er þó fremur ógagnsætt. Else Mundal (2006, 721) hefur bent á að skilin milli hins raunverulega, eða raunsæja, og yfirnáttúrulega hafi ekki endilega verið svo skörp í norrænni menningu á miðöldum. Hið yfirnáttúrulega átti það sameiginlegt með hinu raunsæja að vera trúverðugt innan þess heims sem því er lýst. Í því samhengi má einnig nefna að tilraunir hafa verið gerðar til þess að fella heim fornaldarsagna undir svokallað töfraraunsæi, þar sem hið yfirnáttúrulegir hlutir eru samofnir hinu hversdagslega (sjá Orning, 2010). Því verður raunsæi, í strangasta skilningi þess orðs, ekki látið ráða för þegar hugtök Bakhtins verða notuð til greiningar á *Ragnars sögu* hér að aftan. *Ragnars saga* hefur þó þá sérstöðu meðal fornaldarsagna að byggja að nokkru á sagnfræðilegum atburðum og persónum sem þekktar eru úr öðrum heimildum (Torfi H. Tulinius, 2002, 128), og því má hugsanlega segja að samband hennar við raunveruleikann sé haldbetra en margra annarra fornaldarsagna, þótt vissulega gerist þar síst ótrúlegri atburðir en í öðrum fornaldarsögum.

Þó að kenningar Bakhtins hafi hingað til ekki verið fyrirferðarmiklar í samhengi fornaldarsagna, ef til vill vegna óraunsærra mótífa sagnanna, ber að nefna grein Aðalheiðar Guðmundsdóttur (2017). Hún hefur lagt til að framsetning trölla í fornaldarsögnum sé karnivalísk og einn angi þess hvernig textar fornaldarsagnanna leita sífellt jafnvægis hins háleita og lága (Aðalheiður Guðmundsdóttir, 2017, 346–347). Eins og sýnt verður fram á raungerist slíkt jafnvægi í *Ragnars sögu*, einkum í tilfalli Ívars beinlausa. Því er ekki úr lausu lofti gripið að tengja fornaldarsögur Bakhtinfræðum og virðast fræðimenn þegar vera komnir á sporið.

2. Ragnars saga loðbrókar

Áður en greining *Ragnars sögu* hefst er rétt að tæpa í stuttu máli á varðveislu hennar, einkennum og söguþræði. *Ragnars saga loðbrókar* er varðveitt í tveimur gerðum í skinnhandritum, Ny kgl. sml. 1824b 4to og AM 147 4to. Fyrri gerðin er mun fyllri og hefur verið tímasett til u.þ.b. ársins 1400 (Torfi H. Tulinius, 2002, 24). Auk þess er talið líklegt að eldri, glötuð gerð *Ragnars sögu*, hafi verið til og notuð í *Ragnarssona þátt*, ritaðan af Hauki Erlendssyni í byrjun 14. aldar, en því hefur þó einnig verið haldið fram að *Ragnarssona þátt* hafi verið ritaður til einföldunar og útskýringar á hinni varðveittu *Ragnars sögu loðbrókar* (Rowe, 2012, 229). Bygging *Ragnars sögu* er um margt óvenjuleg hvað fornaldarsögu varðar og sagan hefur m.a. verið kölluð „sópdyngja aðskiljanlegasta efnis“ (Ármann Jakobsson, 2009, 137). Slík einkunn stafar af því að *Ragnars saga*, eins og hún er varðveitt, er nokkuð laus í reipunum. Sumir þættir hennar geta staðið sjálfstæðir en aðrir leiða að engu. Það er þó engu að síður augljóst að söguhöfundur hefur reynt að skapa heildstæða frásögn úr þessum lausbeisluðu þáttum.

Fyrsti þáttur *Ragnars sögu* er af síðari konu Ragnars, Áslaugu, sem jafnframt er dóttir Sigurðar Fáfnisbana og Brynhildar Buðladóttur. Sagt er frá því hvernig hún hafnar í höndum illra hjóna sem hálfvegis hneppa hana í ánauð og nefna hana Kráku. Næsti hluti gerist á allt öðru sögu sviði og fjallar um drekavíg Ragnars og fyrra hjónaband hans og Þóru borgarhjartar. Síðan eru Ragnar og Áslaug (eða Kráka) leidd saman og í hjónaband og eignast þau þrjá syni. Frumburður þeirra, Ívar beinlaus, fæðist með heldur óvenjulegt sköpunarlag sem fjallað verður um innan skamms. Eftir að greint er frá uppvexti sona þeirra í fáum orðum hefst síðan meginkafli *Ragnars sögu* sem segir frá vígum og herförum

Ragnars, og síðar sona hans og Áslaugar, sem þá er í n.k. skjaldmeyjarhlutverki og nefnist þar Randalín. Loks er skipt aftur til Ragnars, sem er þá orðinn gamall maður, og sagt frá óráðlegri herför hans til Englands sem hann virðist leggja í öðru fremur sökum leiðinda og metnaðar. Lýkur þar ævi Ragnars. Að lokum er eins konar eftirmáli sem greinir í fáum orðum frá afdrifum Ragnarssona og þeim sögum sem fara af afkomendum hetjanna.

2.1 Ívar beinlaus

Þau Ragnar og Áslaug eignast sem fyrr segir soninn Ívar. Hann fæðist með brjósk í stað beina og er því sagður beinlaus. Ástæðan fyrir beinleysi Ívars er ekki fyllilega skýr, en virðist vera afleiðing þess að Ragnar brýtur gegn banni Áslaugar um að hafa við hana samfarir fyrstu þrjár nætur hjónabands þeirra:

Ok enn fysta aftan, er þau koma i eina reyckiu, vill Ragnar eiga hiuskaparfar vid konu sina, enn hun bidz undan, þviat *hun* segir, at a baka mundi bera nockut, ef hun redi eigi. Ragnar kvazt ecki trua mundu a þat, kvad þau ecki framvis karl ok kerlingu. Hann spurde, hve leingi sva skylldi vera. Þa kvad *hun*:

Þriar neþr skulum þessar.
ok þo saman byggia.
hressvar neþr i havllu
adr við heilvg god blotim
þa mvnv meinn aminv
megi til laung of verða.
hellðr ertu bradr at byria.
þann er bein hefir engi.

Ok þo hun kvædi þetta, gaf Ragnar at því enngan gaum ok bra æ sitt rad.

(Olsen, 1906–08, 128–129)

Ragnar gefur það í skyn að karl og kerling, sem fóstruðu Áslaugu, hafi eitthvað með orð hennar að gera, en í raun gefur textinn engar haldbetri vísbendingar fyrir því. Í vísu Áslaugar er hvergi minnst á karl og kerlingu heldur einungis óskilgreind heilög goð sem þau Ragnar verða að blóta að þremur nóttum liðnum eigi barn þeirra ekki að fæðast beinlaust.

Fyrstu kynni lesenda af hinum beinlausa syni kunna svo að orka nokkuð mótsagnakennd:

Nu lida stundir fram, ok var samfaur þeirra god ok miklar astir. Enn Kraca kenner ser sottar ok verdr lettare ok elur sveinbarnn, ok var sveinn vatne ausin ok nafn gefit ok kalladr Ivar. Enn sa sveinn var beinlaus, ok sem briosk veri þar, sem bein skylldu vera. Ok er hann var ungr, var hann vexti sva mikill, at engir voru hans iafningjar. Hann var allra manna fridaztr synum ok sva vitr, at eigi er vist, hverr meire spekingr hefir verit enn hann.
(Olsen, 1906–08, 129)

Þessi sérkennilega lýsing á líkama Ívars vekur athygli, og sömuleiðis að þrátt fyrir að hann geti sig hvergi hrært og þurfi að láta bera sig á stöngum, þá eru engir hans jafningjar. Ekki er laust við að nútímalesendur kunni að eiga erfitt með að samræma þetta tvennt, enda er hér um að ræða nokkuð óhefðbundna lýsingu á limaburðum hetju. Engu að síður verður að gæta þess að láta ekki samtímalegt gildismat lita greininguna um of, því að eins og áður var nefnt þá er heimur fornaldarsagna ekki mótaður af strangri raunsæiskröfu og það sem gæti talist ótrúlegt í nútímaskilningi kann að eiga sér eðlilegar skýringar innan þess söguheims sem lýst er. Því verður þó engu að síður haldið fram að persóna Ívars kunni að hafa verið ótrúverðugur hermaður og stjórnandi í samhengi áheyrendahóps *Ragnars sögu*. Hann hafi ekki einungis verið óhefðbundin hetja heldur karnivalísk hetja, nokkurs konar viðsnúningur á konungsfímynd. Þetta verður rökstutt að hluta með vísun í beinleysi hans í þessum kafla en síðar m.t.t. hernaðar hans og andstæðinga innan *Ragnars sögu*.

Eins og Ragnar loðbrók sjálfur, þá er persóna Ívars líklega sprottin af ýmsum sögnum af víkingum með áþekk nöfn sem herjuðu á England og Mið-Evrópu. Elizabeth Ashman Rowe (2012, 159–61) hefur tekið saman heimildir sem sýna fram á þróun Ívars innan norrænnar hefðar. Fyrst er minnst á víking með þessu nafni í engilsaxneskum samtímaheimildum frá síðari hluta 9. aldar (Rowe, 2012, 127), en annars er hans sjaldan getið í sögulegum heimildum fyrir aldamótin 1000. Þegar komið er fram yfir þau fjölgar heimildum nokkuð en eru þó ekki umtalsverðar. Athygli vekur að á síðari hluta 11. aldar lýsir Adam frá Brimum syni „Lodparchus“, Inguar (hliðstætt Ívar), sem grimmasta konungi Skandinava er herjað hefur á Frakkland (Adam frá Brimum, 1876, 28). Nokkrum áratugum síðar er Ívars svo getið í íslenskri heimild, Landnámabók, og er hann þá sagður sonur Ragnars loðbrókar. Um svipað leyti og Landnámabók er talin rituð bregður Ívari fyrir í *Hróarskelduannálum* (1. *Chronicon Roskildense*) og er aftur lýst sem grimmustum

konunga, en líklegt er þó talið að skrifari Hróarskelduannála hafi haft hliðsjón af verki Adams frá Brimum, svo líkt er orðalag þeirra (Rowe, 2012, 160). Ef *Ragnars saga* hefur orðið til í núverandi mynd á síðari hluta 13. aldar, eins og haldið hefur verið fram (Sama heimild, 207), þá gæti hugsast að íslenskir sagnaritarar hafi getað þekkt til frásagna af grimmd Ívars konungs þar eð rit Adams frá Brimum voru þeim mögulega kunnug á síðari hluta 14. aldar og ef til vill nokkru fyrr (Sverrir Tómasson, 1992, 361). Þó verður að setja þann fyrirvara að sagnir *Ragnars sögu* koma úr ólíkum áttum og örðugt að fullyrða hverju sagnaritarar hafa sleppt og hverju haldið af því efni sem þeir þekktu.

Hin líkamlegu sérkenni Ívars hafa leitt af sér rökræður meðal fræðimanna á ýmsum sviðum og hafa sumir jafnvel gengið svo langt að sjúkdómsgreina beinleysið (sjá Ivar the Boneless, 1957). Bókmenntatúlkanir á viðurnefni hans, *hinn beinlausí*, veita þó öllu drjúgari innsýn í merkingu þess en læknisfræðin. Rétt er að geta þess að Ívar hlýtur ekki viðurnefni sitt í *Ragnars sögu loðbrókar* heldur í *Ragnarssona þætti*. Af túlkunum ber fyrst að nefna skírskotun beinleysis til kynferðislegs getuleysis sem Jan de Vries reyndi að útskýra á þann hátt að viðurnefnið *hinn beinlausí* hefði upphaflega þýtt *hinn barnlausí* (McTurk, 1996, 191). Þó þarf ekki svo nákvæmrar túlkunar við þegar litið er til sjálfrar frásagnarinnar í *Ragnarssona þætti*, en þar segir: „Iva_R en beinlavs(i) var lengi konvng_r i Englandi. hann atti ecki barn þviat hann var sva skapaðr at hanvm fylgði engi girnd ne ast en eigi skorti hann spekt eða grimð ok varð hann ellidavðr a Englandi ok var þar heygðr“ (Hauksbók, 1892–96, 465). Örðugt er að halda öðru fram en að *girnd* hafi í þessu textabroti þá merkingu að vera kynferðisleg löngun eða losti, þar sem orðið er notað til þess að útskýra barnleysi Ívars. Enn fremur má nefna auðsæ myndhverf tengsl beina við getnaðarlim karlmanna. *Ragnarssona þáttr* er varðveittur í Hauksbók frá byrjun 14. aldar en fyllsta gerð *Ragnars sögu* í um eitt hundrað árum yngra handriti. Varlega áætlað þá hefur skírskotun beinleysis til getuleysis a.m.k. verið auðsæ höfundi þáttarins, svo ef til vill má ætla að áheyrendur í byrjun 14. aldar, og áreiðanlega einhverju fyrr, hafi getað tengt þetta saman. Þótt *Ragnars saga* útskýri beinleysi Ívars ekki jafn berum orðum og *Ragnarssona þáttr*, og láti nægja þá skýringu að Ívar hafi brjósk í stað beina, þá hafa hugmyndir um tengsl beinleysis og getuleysis hugsanlega getað verið í deiglunni hjá viðtökuhópi *Ragnars sögu*, sér í lagi þegar litið er til táknmáls þess hluta sögunnar sem greindur verður í þriðja kafla.

Fleira kemur þó til. Síðar á fræðiferli sínum hafnaði de Vries þeirri kenningu sinni að *beinlaus* hafi upphaflega þýtt *barnlaus* og lagði þess í stað til að viðurnefnið hafi upphaflega þýtt *grimmur*, á grundvelli þess að skrifarar hafi misskilið latnesku orðin *exosus* (ísl. *grimmur*) og *exos* (ísl. *beinlaus*) (McTurk, 1996, 191). Þessi túlkun fellur ágætlega að lýsingum sagnaritara á Ívari, og er Ívar sömuleiðis ekkert ljúfmenni í sjálfri *Ragnars sögu*. Hugsanlegt er að beinleysi Ívars við fæðingu sé þá nokkurs konar fyrirboði um grimmð hans sem konungs, sem sagnaritarar kunna að hafa verið meðvitaðir um. Einnig má nefna að beinleysi kann að hafa haft táknrænni merkingu en de Vries gerði ráð fyrir. Í evrópskri menningarsögu eru dæmi um tengsl á milli beina og mannsálar, á þá leið að dvalarstaður sálarinnar sé innan beina mannsins, og er sú myndlíking sömuleiðis nátengd getnaði (Vaz da Silva, 2014, 29). Francisco Vaz da Silva rekur grunnmyndlíkinguna til Platóns (1929, 76-100), sem taldi að sálin byggi í beinmergnum eins og fræ sem vex innan líkamans. Þessi sálarmergur flæðir frá höfði, niður hrygginn og þaðan í æxlunarfærin. Þannig erfist hann á milli kynslóða. Þótt skrásetjarar og áheyrendahópur *Ragnars sögu* á 14. og 15. öld hafi ef til vill ekki þekkt til verka grísku heimspekinganna þá er engu að síður athyglisvert hve vel þessi myndlíking á við Ívar.

Áhugavert er að líta nánar á kringumstæður getnaðarins, en sem áður sagði fæðist Ívar beinlaus sökum þess að Ragnar fer gegn banni Áslaugar um samfarir fyrstu nætur hjónabandsins, sem Ragnar skilur sem svo að stafi af bölvun fósturforeldra Áslaugar. Refsingin við að brjóta bann Áslaugar er því beinleysi frumburðar. Ármann Jakobsson hefur bent á, í samhengi íslenskra miðaldahrollvekja, að afkvæmi sem getin eru eftir ólögmaett kynlíf, utan hjónabands, verði iðulega að hálfgerðum óvættum: „Meðan saurlífið stendur yfir virðist eitthvað koma fyrir barnið en mestur verður hrollurinn vitaskuld ef viðburðurinn er ekki skýrður nánar; þá er hann undur“ (Ármann Jakobsson, 2013, 62).² *Ragnars saga* lýsir því ekki í smáatriðum hvernig Ívar verður beinlaus og lætur áheyrendum mestmegnis eftir að ímynda sér útlit hans. Það er þó ekki hægt að ganga svo langt að kalla Ívar óvætti eða undur þótt getnaður hans sé sérkennilegur og hann verði síðar grimmur konungur; hafa ber í huga að Ragnar og Áslaug eru gengin í hjónaband þegar

² Á kaþólskum tíma var hjónum bannað, með skriftaboðum, að stunda kynlíf á ákveðnum dögum. Það átti t.d. við á helgidögum eða þegar konan var ófrísk eða á blæðingum (sjá Helgu Kress, 2009, 78-81; sjá einnig Sveinbjörn Rafnsson, 1991, 87-88). Mögulega gætir slíkra kaþólskra áhrifa á *Ragnars sögu* í samhengi við getnað Ívars.

hann er getinn. Engu að síður má spyrja hvort hér sé á ferðinni léttvægari útgáfa af þekktu hrollvekjuminni, og þá hvort hugsast geti að beinleysi megi skilja með táknrænum hætti sem sálarleysi. Þótt slík tengsl beina og sálar sé að vísu ekki að finna víðar í íslenskum miðaldabókmenntum þá er Ívar sömuleiðis eina dæmið um beinlausan mann, svo enginn samanburður er fyrir hendi sem gæti varpað skýrara ljósi á þetta samband. Hins vegar þá voru sterk tengsl milli líkamsgerðar og mennsku á miðöldum, sem kann að vera þessu tengt, eins og tilefni verður til að ræða von bráðar.

Fleiri táknrænir túlkunarmöguleikar á beinleysi Ívars hafa verið nefndir. McTurk (1996, 191) telur að viðurnefnið vísi til vinds og sé til marks um færni hans sem skipstjóra, sem hann byggir á tengslum við færeyskar munnmælasögur. Sú túlkun er í litlum tengslum við sjálfan texta *Ragnars sögu*, eins og McTurk (1996, 203–204) bendir reyndar sjálfur á í niðurlagi. Hin táknræna merking beinleysis hefur þá sín takmörk innan þess söguheims sem því er lýst, og ljóst er að ekki eiga allar slíkar túlkanir sér stoð innan textans. Því má einnig líta til hins bókstaflega merkingarsviðs beinleysis, enda er lýsing textans hreinlega sú að beinleysi Ívars sé í því fólgið að hann hefur brjósk í stað beina. Það er því ljóst að í varðveittum texta sögunnar hefur Ívar ásjáanlega, líkamlega fötlun. Hún háir honum að því marki að hann þarf að láta bera sig á stöngum eða á skildi hvert sem hann fer, en að öðru leyti virðist hann fær um að taka virkan þátt í atburðarás sögunnar og þá ekki síst í bardögum. Það má þó velta því fyrir sér hvernig líkamleg ásýnd hans og skírskotanir hennar kunna að hafa orkað á norrænan áheyrendahóp. Beinleysi Ívars eru fyrstu upplýsingarnar sem lesendur og áheyrendur fá um persónuna; þessi lýsing tekur sér bólfestu í hugskoti þeirra og ekki ólíklegt að hún marki að einhverju leyti skilning á gjörðum hans. Það má því segja að „beinleysið“ sé miðlægt í persónusköpun Ívars.

Amy Eichhorn-Mulligan hefur bent á hin nánu tengsl líkamsgerðar og siðferðis sem merkja má hvorutveggja af norrænum bókmennta- og lagatextum: „Numerous examples testify to the belief that the body would not lie, that it could even overcome its own physiological limits, [...], to reveal the truth about an individual nature or behaviour“ (Eichhorn-Mulligan, 2006, 198). Í ýmsum norskum lögum, segir hún, var mennska barns beinlínis ákvörðuð út frá líkamlegum einkennum, og þá um leið hvort réttlætánlegt væri að bera það út eður ei. Virðast slíkar hugmyndir hafa verið afar viðteknar í norrænum menningarheimi, þ.e. að hið ytra væri sannferðugt endurvarp hins innra (Eichhorn-

Mulligan, 2006, 199). Eitt athyglisverðasta dæmi um slíkt í norrænum bókmenntatextum telur hún vera *Rígsþulu* (Sama heimild, 200). Þar er ytri ásjóna látin endurspegla samfélagsstöðu, og í samhengi Ívars beinlausa er vert að staldra við lýsingar *Rígsþulu* á þræl annars vegar og jarli hins vegar. Á þrælum eru á „høndum hrokkit skinn, / kroppnir knúar, / fingr digrir, / fúlligt andlit, / lotr hryggur, / langir hælur“ en lýsing jarlsins segir „bleikt var hár, / bjartir vangar, / øtul váru augu / sem yrmlingi“ (Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason, 2014, 450; 455). Jarlinn kann sömuleiðis listir góðar, svo sem „álm beygja, / orvar skepta, / flein at fleygja, / frøkkur dýja“ (Sama heimild, 455). Einnig má benda á mikilvægi fóta þessu tengt; *Rígsþula* lýsir einvörðungu fótum þræla en ekki frjálsborinna, þrælsfætur eru afmyndaðir og afmyndaðir fætur voru iðulega til marks um e.k. ankannaleika, jafnvel skort á mennsku (Eichhorn-Mulligan, 2006, 204–205). Williams (1996, 134–140) hefur þó rökstutt að helsta kennimark mennsku í gegnum miðaldir hafi verið mennskt höfuð og rödd, óháð öðrum líkamshlutum.

Hvernig ber Ívari beinlausa saman við ofangreinda lýsingu? Ein er sú túlkun á viðurnefni hans sem ekki var nefnd hér að framan en vert er að nefna nú, að beinlaus hafi getað þýtt *fótalaus*, til samræmis við sambærilega orðstofna í þýsku og öðrum tungumálum Norðurlanda (Chadwick, 1959, 187; McTurk, 1996, 204). Ívar er vissulega fótalaus í texta *Ragnars sögu*, í þeirri merkingu að vera lamaður á fótum, því eins og áður sagði lætur hann bera sig á stöngum. Ef hann er borinn saman við lýsingu þrælsins í *Rígsþulu* þá eiga þær lýsingar það sameiginlegt að athyglinni er beint að fótum þeirra sem um ræðir, en að vísu á ólíkan hátt. Hinn „lotni hryggur“ þrælsins er svo eftirtektarverður; hvort hann geti átt við útlit Ívars er þó háð getgátum lesenda á útliti beinlauss manns en verður ekki sýnt á afgerandi hátt með vísun í texta *Ragnars sögu*. Á hinn bóginn er Ívar einnig prýddur konunglegum dyggðum, því að eins og jarlinn í *Rígsþulu* þá kann Ívar vel með boga að fara og er ágæt skytta. Sömuleiðis er varla hægt að afneita algjörlega bókstaflegri lýsingu hans, sem vitnað var til í byrjun þessa kafla, að hann sé bæði vitur og fríður sýnum, þó að slíkt sé ef til vill dálítið formúlukennd lýsing á aðalsmanni og veki ekki sömu eftirtekt lesenda og beinleysi hans. Það er þá ekki einboðið að segja til um viðtökur áheyrenda á mennsku Ívars og tign. Í ljósi framangreindrar umfjöllunar bendir þó ýmislegt til þess að norrænir áheyrendur hafi átt þess kost að tengja líkamlega afmyndun, líkt og beinleysi eða fótaleysi Ívars, við mannkosti, siðferði eða stéttarstöðu. Aftur á móti, ef höfuð og rödd hefur verið

það sem helst ákvarðar mennsku einstaklings þá er líklegt að Ívar hafi a.m.k. verið talinn mennskur, þar eð raddstyrkur hans er sérstaklega dreginn fram í textanum (Olsen, 1906–08, 149). Hinn beinlausi líkami Ívars rúmar því andstæður sem takast á, Ívar gæti hvort heldur sem er hafa verið fyrirlitlegur eða göfgastur manna, persónusköpun hans í *Ragnars sögu* sker ekki fyllilega úr um það heldur er það lesenda að mæta þessum andstæðum og átta sig á margbreytileika Ívars.

Áður var haft orð á því að Ívar væri ef til vill karnivalísk hetja. Því til skýringar má draga framangreint mál saman í nokkra meginrætti og setja í samhengi við þær hugmyndir Bakhtins sem tæpt var á í fyrsta kafla. Vera má að þegar í byrjun 14. aldar hafi beinleysi Ívars verið sett í samhengi við kynferðislegt getuleysi, þar sem tekið er fram í *Ragnarssona þætti* að hann eigi þess ekki kost að eignast erfingja, og má því spyrja hvort hann hafi þá getað talist vera heppilegur eða æskilegur konungur eins og hann birtist í *Ragnars sögu*. Enn fremur má vekja athygli á því að kynferðislegt getuleysi hefur verið talið hliðstætt hugleysi á norrænum tíma og til marks um skort á siðferði (Meulengracht-Sørensen, 1983, 19–20). Á ritunartíma *Ragnars sögu* hafa sömuleiðis verið uppi hugmyndir um óhóflega grimmd Ívars konungs og velta má vöngum yfir því hvernig slíkur konungur hafi fallið kristnum áheyrendahópi í geð. Þó að það megi ef til vill ekki ganga svo langt að áætla að beinleysi Ívars samsvari sálarleysi, og hann hafi þá verið skilinn sem sálarlaus konungur, þá er áleitnið að áheyrendur hafi mögulega getað skilið líkamleg einkenni hans, til jafns við viðurnefnið, með hliðsjón af innræti og mannkostum, sbr. umfjöllun um *Rígsþulu* hér að framan. Að endingu þá er líkami Ívars mjög miðlægur í persónusköpuninni, og eins og nánar verður vikið að í þriðja kafla þá verður líkaminn beinn gerandi í bardaga Ívars og kýrinnar Síbilju sem gefur tilefni til þess að staðsetja þann líkama á sviði hins gróteska.

Rowe hefur lýst Ragnarssonum, og sérstaklega Ívari, sem „good pagans“, og telur hugdirfð þeirra vera „heroic prefiguration of Christian grace“ (Rowe, 2012, 213). Enn fremur telur hún að *Ragnar saga* vitni um áhuga Íslendinga á því að leita fyrirmynda fyrir innlendar höfðingjaættir (Sama heimild, 208). Krýning Ívars beinlausa sem konungs, og tilsvarendi hetjulýsing hans, kann þó fremur vera karnivalísk og til þess fallin að grafa undan valdi hans innan *Ragnars sögu*. Í Ívari mætast andstæður, sem áður sagði. Samtímis nokkuð hefðbundinni hetju- og afrekslýsingu virðist vera nægt tilefni til þess að ætla að hún orki tvímælis. Eitt megineinkenni karnivalsins er, eins og greint var frá í fyrsta kafla,

viðsnúningur ýmiss konar. Krýning ólíklegs einstaklings sem konungs er ein birtingarmynd þess, enda hefur Bakhtin (1984, 81) bent á að í karnivalsýningum hafi hirðfífl oft verið gert tímabundið að konungi og konungur að hirðfífli. Ívar beinlausi getur að nokkru þjónað þessu hlutverki. Það væri jafnframt ekki eina dæmið úr íslenskum miðaldabókmenntum þar sem líkamlega sérkennilegur einstaklingur er settur í það hlutverk, því að í *Sneglu-Halla þætti* er dvergvaaxinn einstaklingur t.a.m. færður í konungsklæði fyrir framan konunginn sjálfan (sjá Skúla Björn Gunnarsson, 1996). Með krýningu Ívars er hinn ófullkomni líkami, sem brýst úr viðjum klassískra forma, einnig látinn skipa öndvegi. Margar mögulegar túlkanir á viðurnefni hans sem vísa til óæskilegra eiginleika konungs; getuleysi, grimmd og fótaleysi, svo eitthvað sé nefnt, styrkja svo enn fremur túlkun Ívars sem karnivalískrar hetju. Þó eru enn ótaldar aðgerðir Ívars innan *Ragnars sögu* sem styrkja túlkunina sömuleiðis, en sem herkonungur einskorðar hann víg sín ekki einvörðungu við mennska óvini heldur herjar einnig á óvinveittan búpening.

2.2 Síbilja

Búpeningur sá sem um ræðir eru nautgripir. Nautgripir voru eitt mikilvægasta húsdýr Norðurlandabúa á miðöldum og með þeim algengustu, sé miðað við fornleifar (Jennbert, 2011, 62). Nautgripir greinast vitaskuld í naut og kýr, og ætla má að kyn hafi einhverju ráðið um hlutverk nautgripanna. Í trúarlegu samhengi virðast naut t.a.m. hafa skipt meira máli, m.a. sem fórnardýr (Davidson, 1988, 51). Táknefni kúa skipar þó nokkurn sess í norrænni heimsmynd, en minnst má frumkýrinnar Auðhumlu sem fóstaraði Ymi jötunn við sköpun heimsins (Finnur Jónsson, 1931, 13–14). McTurk (1991, 114) telur, með vísun til þessarar frásagnar og til annarra sem segja frá heilsubætandi og lífsgefandi eiginleika kúa, að ætla megi að kýr hafi verið taldar frjósemistákn í norrænni fortíð. Sú mynd sem dreginn er upp af sænsku blótkúnni Síbilju, kú Eysteins konungs í Uppsölum sem Ragnarssynir eiga í útistöðum við, er þó fremur af óvætti en lífgjafa:

Þeir [Svíar] haufdu átrunad mikinn a eine ku, ok kaulludu þeir hana Sibiliu. Hun var sva miok blotinn, at menn mattu eigi standazt lat hennar. Ok því var konungr vanr, þa er hers var van, at þessi kyr enn sama var fyrir fylkingum, ok sva mikill diofulskraptr fylgde henne, at uvinir hans urdu svo ęrir, þegar þeir heyrdur til hennar, at þeir baurduzt sialfir ok gadu sin eigi, ok fyrir þa sauk var oherskatt a Svijþjod, at menn treystuzt eigi vid slikt ofrefle at ethia. (Olsen, 1906–08, 133)

Ekki síður en beinleysi Ívars þá er þessi lýsing árásargjarnrar belju nokkuð sláandi, nánast afkárleg, enda gengur hún í berhögg við væntingar lesenda til kúa sem friðsælla húsdýra. Þótt heimur *Ragnars sögu* sé býsna ævintýrlegur eins og áður hefur komið fram, þá er kýr jarðbundin en ekki yfirnáttúruleg skepna. Síbilju er ekki lýst sem tröllaukinni eða illri yfirlitum, heldur er kraftur hennar hið ógnvænlega baul sem gerir óvini konungsins vitstola. Þar sem gera má ráð fyrir að hugmyndir norrænna manna um eðli kúa megi heita óbreytt frá ritunartíma *Ragnars sögu* þá má spyrja hvort áheyrendur fyrri tíma hafi upplifað Síbilju sem slíka djöfulsskepnu sem henni er lýst, eða hvort hin jórtrandi friðsælismynd beittidýrs hafi ef til vill hvílt þar undir. Í því samhengi verður að vísu einnig að hafa í huga að Síbilja og Eysteinn eru tengd Uppsölum, frægum blótstað, og raunar segir *Ragnars saga* berum orðum að þar hafi blót hvergi verið meiri á Norðurlöndum (Olsen, 1906–08, 132). *Dísablót* voru sérlega fyrirferðarmikil í Uppsölum, þar sem dísir voru iðulega blótaðar í hernaðartilgangi, og virðast þær hafa gegnt svipuðu hlutverki og valkyrjur (Gunnell, 2000, 129–130; 133–134). Ef til vill má ímynda sér að áheyrendur miðalda hafi tengt Síbilju blótstaðnum og þeirri sterku blóthefð sem þar tíðkaðist og tengdist átrúnaði á kvenlegar vættir. Hvort túlka megi Síbilju sem skrumskælingu þessara vætta er svo annað mál en í eftirfarandi umfjöllun verður leitast við að varpa ljósi á helstu einkenni hennar.

Þessi framsetning kýrinnar í fararbroddi herliðs er einstök í norrænum bókmenntum. Í *Motif-index of Early Icelandic Literature* er vissulega greint frá ýmsum mögnum dýrum, en af árásargjörnum nautgripum þá eru það iðulega tarfar eða uxar sem um ræðir en ekki kýr (sjá Boberg, 1966, 38–50). Í raun eru einu vísunum norrænna miðaldabókmennta til árásargjarnra kúa beint að *Ragnars sögu* og tilsvareandi endursagnar Arngríms Jónssonar lærða á sama atburði úr *Skjöldunga sögu*, sem nú er glötuð (Boberg, 1966, 49). Þótt Síbilja sé ef til vill einstök innan norrænna bókmennta þá hefur svipað minni verið rakið allt austur til Indlands, og líkindi Síbilju með indverskum kúm megi heita allveruleg. Hefur m.a. verið bent á hliðstæðu úr fornindversku sögukvæði, *Rāmayaṇa Kāmadhenu*. Eins og í sögunni um Síbilju segir það frá kú sem býr yfir mögnuðu bauli, en ólíkt Síbilju þá notar indverska kýrin baulið til að skapa stríðsmenn en ekki eyða þeim; hún hefur því ef til vill greinilegri frjósemistengingu en Síbilja (sjá Ronzitti, 2007, 139–144; McTurk, 1991, 115–116). Það vekur athygli að nafn indversku kýrinnar er Sabalā eða Sabalī. Þótt Rosa Ronzitti (2007, 139; 150–151) geri tilraun til þess að rekja nafnið orðsifjafræðilega til Síbilju, þá er hún

varkár í ályktunum, m.a. vegna þess að í íslensku samhengi getur nafnið vel átt við það „að belja í sífellu“, sem er merkingarlega frábrugðið indverska nafninu sem þýðir einfaldlega „skjöldótt kýr“.

Í ljósi þess að kýrin Síbilja kemur hvergi fyrir í íslenskum heimildum utan *Ragnars sögu*, má íhuga hvers vegna henni hafi verið bætt við frásögnina, og hvert hlutverk hennar sé.³ Það er freistandi að álykta sem svo að hlutverk hennar hljóti að vera veigameira en svo að vera einungis hindrun sem hetjan, Ívar, þarf að yfirstíga til að ná marki sínu, eins og McTurk (1991, 117) hefur haldið fram. Kathryn Hume (1980, 7) hefur skilgreint þrenns konar notagildi óvætta eða yfirnáttúrulegra vera, í tengslum við söguhetjur í norrænum sagnaarfi:

Unless there are other functions I have overlooked, monsters are used to define a man as hero (both in the abstract and in relation to society), to define a hero as man (through comic deflation), and to comment on the nature of heroism. An author could vary the tone of his story by his choice of monster, but its basic function was unaffected by outer shape.

Þó að umdeilanlegt sé hvort Síbilju megi kalla yfirnáttúrulega eða óvætti, eins og segir í skilgreiningu Hume, þá getur hún ef til vill í aðra röndina gegnt svipuðu frásagnarfræðilegu hlutverki andstæðings eða hindrunar. Þau formgerðareinkenni sem Hume nefnir eru til einföldunar og ber ekki að líta á sem algildi á hlutverki slíkra andstæðinga. Hins vegar geta síðari tvö einkennin í skilgreiningu hennar vel vitnað um ákveðna afhelgun eða viðsnúning, þar sem andstæðingurinn bregður mennsku ljósi á hetjuna eða sýnir að hetjan er ekki öll þar sem hún er séð, og hugsanlega að hún sé alls engin hetja. Slíkur skilningur verður karnivalískur þegar innbyrðisafstaða kýrinnar og Eysteins konungs, sem og samskipti hennar við Ívar beinlausa, eru gaumgæfð.

Karnival Síbilju er í fyrsta lagi fólgið í þeim viðsnúningi sem verður á hefðbundnu hlutverki kýrinnar þegar hún er munstruð í hernað. Það er merkingarbært í þessu samhengi

³ McTurk (1991, 116–117) leggur til að skrásetjari *Ragnars sögu* hafi þekkt til viðurnefnis Eysteins konungs, *beli*, sem hefur áþekka merkingu og sögnin *ad belja*, og því fundist viðeigandi að tengja Eysteinn við skepnu eins og Síbilju, en sögur um slíkar kýr telur McTurk að hafi gengið í munnmælum í Skandinavíu. Hins vegar þá kemur viðurnefni Eysteins hvergi fyrir í *Ragnars sögu* heldur einvörðungu í *Ragnarsona þætti*. McTurk ályktar út frá því að skrásetjara hafi þótt viðurnefni Eysteins ofaukið þegar Síbilja var komin til sögunnar, en slíkt er þó getgátum háð og skýrir ekki frásögnina til fullnustu, eða þá hvað Síbilja hefur fram að færa sem viðurnefni Eysteins hefur ekki.

að Síbilja er kýr en ekki naut, því að naut væri strax mun hefðbundnari andstæðingur.⁴ Síbilja birtist áheyrendum sem leiðtogi hers; það er ekki Eysteinn konungur sem fer fyrir liði sínu heldur kýrin. Í öllum tilvikum sem tengjast Síbilju er þetta tekið fram og í fyrstu lýsingu hennar, sem vísað er til að framan, er Síbilja „fyrir fylkingum“. Í fyrri bardaga hennar og Ragnarssona lætur Eysteinn konungur hana fara „fyrir liðinu“ og er það orðalag síðan endurtekið nánast óbreytt í síðari bardaga þeirra (Olsen, 1906–8, 133; 138; 147–148). Eysteinn, aftur á móti, tekur aldrei beinan þátt í bardögum, ólíkt Ragnarssonum sem vega mann og annan. Með því má segja að vald Eysteins sé dregið í efa, enda er það alfarið háð Síbilju. Um leið og Síbilja er á bak og brott er eftirleikurinn auðveldur fyrir Ragnarssyni, raunar svo auðveldur að Ívari beinlausa þykir ekki taka því að hertaka Svíþjóð: „Ok nu segir Ivar, at hann villde eigi heria leingr i því lande, þvíat þat land var nu hofdingialaust: „Ok vil ek helldr, at vid halldim þar til, er meir̃a ofrefli er firer.““ (Olsen, 1906–08, 149–150).

Í framhaldinu má spyrja hvort tengsl Síbilju við Eystein vitni jafnvel um sams konar ferli til afkrýningar og reifað var í umfjöllun um Ívar beinlausa; í stað konungs er nú komið húsdýr. Það eru dæmi þess úr fornaldarsögum að hetjur haldi sig til hlés í bardaga, en taki sér þess í stað birtingarmynd óðs dýrs; t.d. þegar Böðvar bjarki tekur sér mynd bjarndýrs í Skuldarbardaga *Hrólfs sögu kraka* (sjá Rafn, 1829, 101–107). Ef litið er til *Ragnars sögu* og tekið tillit til þess sem McTurk segir um tengsl viðurnefnis Eysteins, *beli*, við sögnina að *belja* þá hefur beljandi konungur skipt um hlutverk við baulandi kú (McTurk, 1991, 116–117; sjá nmgr. 3 að framan). Áheyrendahópur *Ragnars sögu* hefur hugsanlega getað borið kennsl á þá skopstælingu sem í því felst að konungur taki á sig mynd kýr, og sé þar með kvengerður, en ekki hefðbundins árásardýrs. Það er örðugt að fullyrða nokkuð um hvort frásögnin hefur getað vakið hlátur, enda nokkrum vandkvæðum bundið að leggja mat á skopskyn löngu genginna kynslóða. Ef hins vegar hún hefur verið til þess fallin, þá má segja að sá hlátur hafi getað verið afhjúpanði og karnivalískur þar sem hann bregður ljósi á umsnúning valdhafa og þess valdalausna.

Sömuleiðis má velta vöngum yfir því hvort hláturinn geti náð lengra en til konungs með hliðsjón af þeim áhrifum sem baul Síbilju vekur, að hermenn tapi vitglórunni og berjist

⁴ Í þessu sambandi má nefna ævintýri sem skráð voru eftir munnlegum frásögnum á 19. öld, en í þeim er að finna dæmi um mannýg naut sem andstæðing hetju, sbr. t.d. Rauðabola (sjá Jón Árnason, 1956, 538–555).

hvor við annan. Það virðist nokkuð glens í þessari lýsingu og sannarlega umsnúningur. Ef til vill dregur sá umsnúningur athygli að afkárleik hernaðar almennt, og sýnir hugsanlega hvernig hernaður getur skaðað alla þá sem að honum koma, ekki einungis þá sem lúta í lægra haldi. McTurk (1991, 117), sem hefur haldið því fram að munnmælasögur af árásargjörnum kúm hafi verið þekktar í Skandinavíu, nefnir engin önnur dæmi því til stuðnings; heimildum er heldur ekki til að dreifa öðrum en frásögn *Ragnars sögu*, eins og áður sagði. Af framansögðu verður því lagt til að tilvist Síbilju innan frásagnarinnar sé til þess fallin að styðja við gagnrýninn lestur á þeim hetjudáðum sem birtast í *Ragnars sögu*, og kann Síbilja að vera nokkuð einstæð að því leyti.

3. Einvígi Síbilju og Ívars beinlausa

Hér hefur verið fjallað um Ívar beinlausa og Síbilju í sitthvoru lagi, tæpt á rannsóknarsögu þeirra sem helst hafa um þau fjallað, og lagt til að Ívar megi túlka sem karnivalíska hetju og Síbilju sem karnivalískan andstæðing. Þær bókmenntarannsóknir sem áður hafa verið gerðar á þessu sérkennilega pari, og vísað var til, eiga það sammerkt að í þeim er iðulega fjallað um Ívar og Síbilju á aðskilinn hátt og að ekki er gerð tilraun til þess að tengja eiginleika þeirra að neinu ráði. Í þessum kafla verður bætt úr því með því að leggja til bókmenntagreiningu á sjálfu einvígi þeirra. Verður hún notuð til þess að rökstyðja þær túlkanir sem hér hafa birst með því að sýna hvernig *Ragnars saga* nær sínum karnivalíska hápunkti í téðu einvígi. Gróteska og bannhelgi er þar allsráðandi. Mörk manns og náttúru verða óskýr þegar Ívar sameinast, og að lokum sigrast á Síbilju, á hátt sem kalla mætti kynferðislegan.

Skilningur manna á dýrum og viðhorf til samskipta manna og dýra hefur breyst í aldanna rás. Joyce Salisbury (1994, 86–89) hefur rakið þá viðhorfsbreytingu sem varð til samneytis manna og dýra með innreið kristni í germönsk samfélög. Hún bendir á að það sé fyrst með kristinni lagasetningu sem kynferðissambönd manna og dýra eru bönnuð með lögum, og telur hún að það sé til marks um að slíkt hafi getað tíðkast meðal germanskra þjóða án þess að það hafi verið litið neitt sérstaklega alvarlegum augum, þar sem slíks banns er hvergi getið í elstu germönsku lagaákvæðum. Ólíklegra þykir henni að ástæðan fyrir fjarveru laganna sé að samneytið hafi ekki átt sér stað, þar sem menn og dýr voru iðulega í náinni sambúð í bændasamfélögum, aukinheldur sem varðveist hefur goðfræðilegt

efni sem greinir frá mökum manna og dýra (Salisbury, 1994, 87). Kristin lagasetning hafi þá miðað að því að skilgreina marklínur heiðni og kristni, en ekki síður mörk hins mannlega og dýrslega (Salisbury, 1994, 88). Merki þessa sjást í íslenskum og norskum textum, t.d. má nefna skriftaboð Þorláks helga frá síðari hluta 12. aldar: „fyrir hórdóm þann er karlmenn eigust við eða þann er menn eigu við ferfætt kvikendi“ (Sveinbjörn Rafnsson, 1982, 102), og Gulapingslög sem telja það hvort eftir öðru til fullréttisorða, að kalla mann „sannsorðinn“ og líkja honum við meri (Keyser og Munch, 1846, 70). Sýnir þetta einnig hvernig kynferðislegri misbeitingu manna á dýrum hafi að nokkru verið jafnað við samkynhneigð í geistlegum sem veraldlegum lögum, eins og aðrir hafa bent á (Jochens, 2000, 385; Salisbury, 1994, 90–91).

Samtímis lagasetningu sem miðaði að því að halda mönnum og dýrum eins aðgreindum og kostur var, virðist þó hrikta í þeim stöðum þegar líður á 12. öld (Salisbury, 1994, 95–98). Áhugi kviknaði þá meðal lærðra klerka á afkvæmum manna og dýra, en að slíkt samband gæti mögulega verið frjósamt stríddi gegn þeirri forsendu að menn og dýr væru í eðli sínu fullkomlega aðskilin, sem ýfði svo upp enn frekari ótta kirkjunnar manna við kynferðislegt samneyti manna við dýr. Þegar komið er fram á síðari hluta tólftu aldar og á hina þrettándu varð sú hugmynd viðtekin að slíkt samræði væri nátengt hinu neðra, helvíti, og hreinlega djöfullegt; enn fremur að kynferðislegar athafnir með dýrum jafngiltu í raun kynlífi með djöflinum (Salisbury, 1994, 97–98). Í ljósi þessa vekur athygli að Síbilja er sjálf tengd myrkum öflum; henni fylgir „djöfulskraftur“ og er kölluð „illur vættur“, auk þess sem Arngrímur lærði nefnir hana beinlínis „Diabolus“ (Olsen, 1906–08, 133; 138 og Olrik, 1894, 133). Þótt söguheimur *Ragnars sögu* sé heiðinn, þá kann þetta viðhorf til dýra að draga dóm af kristnum áhrifum ritunartímans.

Áður en litið er til bardaga Ívars og Síbilju er vert að greina frá því að Ívar hefur áður átt í bardaga við búfénað. Áður en Síbilja er kynnt til sögunnar vegur Ívar tvö naut á blótstaðnum Hvítabæ (Olsen, 1906–08, 130–131). Lýsing nautanna er áþekk lýsingu Síbilju, þau eru blótin og stenst enginn „lat þeirra ok traullskap“ (Sama heimild, 131). McTurk (1991, 117) telur að þessir tveir þættir séu til marks um formúlukennda röð hindrana sem stigmagnast. Það er rétt að mörgu leyti, því að Síbiljuþættinum er t.a.m. lýst í mun meiri smáatriðum. Að andstæðingar Ívars stigmagnist frá tveimur nautum til einnar kýr vekur þó nokkra eftirtekt. Þó að Síbilja sé tengd djöfullegum öflum þá hefur hún

sömuleiðis skírskotanir til frjósemi og kynferðis, og verður að teljast mun óhefðbundnari andstæðingur en naut, eins og fram kom í síðasta kafla. Það má því spyrja hvort Síbilja sé ef til vill n.k. írónísk hjöðnun fremur en stigmögnun hindrana fyrir Ívar, til þess fallin að afhjúpa eða rengja hetjuímynd hans enn frekar, til samræmis við möguleg frásagnarhlutverk skrímsla sem vísað var til að framan (Hume, 1980, 7) og einnig þeirra líkamlegu sérkenna og skírskotana Ívars til miður hetjulegra dáða, eins og nefnt hefur verið.

Nú má loks líta til þess hvernig samskiptum Ívars beinlausa og Síbilju er háttað svo þættir þeirra séu dregnir saman (Olsen, 1906–08, 148–149). Þegar Síbilja er látin laus lætur Ívar bera sig fyrir fylkingum og lætur þau fyrir mæli ganga til manna sinna að þeir skuli kasta sér á kúna þegar hún kemur nær, og annað hvort muni hann eða Síbilja hljóta bana af því. Enn fremur skulu hermenn „taka eitt tre mikit ok telgia a bogha mynd, ok skeyti med“ (Olsen, 1906–08, 148). Síðan er honum færður sá „boge enn sterke ok þau enn miklu skeyti, er hann hafdi giara latid, er aunngum þotti ser vopnhæpt annara“ (Sama heimild). Mikill áhersluþungi er lagður á þennan stóra boga Ívars sem hann meðhöndlar „sem hann hefði einn almsveig veikan“. Notar hann bogann til þess að skjóta örvum í augu Síbilju, en örvar þær fljúga svo hratt „sem hann hefði skotid af enum sterkasta lasbogha“. Við þetta fellur Síbilja og fer í „haufudsteypu“. Þá er lag fyrir Ívar að láta kasta sér á kúna; er hann svo léttur þegar menn hefja hann til flugs að það er „sem þeir kasti barni litlu“ (Olsen, 1906–08, 149). Í kjölfar þess verða endalok Síbilju svofell: „Ok þa kom hann [Ívar] a hrygg kunne Sibiliu, ok vard hann þa sva þungr, sem biarg eitt felli a hana, ok hvert bein brotnar i henne, ok fęR hun af því bana“ (Sama heimild, 149). Er þá sigurvegaranum lyft upp og „nu er raudd hans sva hvell, at sva þotti aullum herinum, er hann męllti, sem vid sialft veri, þott fiaRi veri staddir, ok id þęzta hliod veri gefit hans ęrendis“ (Sama heimild, 149).

Þáttur þessi er afar myndrænn og jafnframt sá bardagi Ívars sem lýst er í hvað mestum smáatriðum. Andstæður eru áberandi, bogi Ívars er til skiptis sterkur og veikur meðan Ívar sjálfur er léttur sem barn og þungur sem bjarg. Eins og sýnt var í öðrum kafla er Ívar býsna mótsagnakennd persóna og fellur þátturinn því ágætlega að þeirri persónulýsingu. Af táknmáli þáttarins má einnig ráða að ýmislegt kunni að orka siðferðislega tvímælis í vígi Ívars á Síbilju, eða þá að lært siðferði sé tímabundið afnumið, sem leiðir af sér nokkuð karnivalískt andrúmsloft. Það sem áður var óhugsandi verður

skyndilega mögulegt. Áður var minnst á að einvígið hefði kynferðislegar skírskotanir og er táknmálið til þess fallið að styðja við það. Í fyrsta lagi má nefna þá áherslu sem er lögð á vopn Ívars, boga og örvar. Óvenju nákvæmlega er greint frá stærð þeirra, notkun Ívars á vopnunum og hvernig þau skaða Síbilju. Það er ekki gert í fyrri nautgripabardaga Ívars. Bogi og örvar hafa verið tengd táknrænt við karlmennsku í formi reðurtákns, slíkt minni er talið ævafornt og birtist m.a. í indverskum, samískum og grískum sögnum, og bogmennska er þá iðulega táknræn fyrir karlmann sem hinn virka geranda í kynlífi (Dundes, 1991, 343–345). Enn fremur má minnast á að tré höfðu sömuleiðis skýra frjósemismerkingu í norrænni menningu, eins og t.d. Askur Yggdrasils vitnar um. Hermenn Ívars eru láttnir fella „eitt tre mikit“ (Olsen, 1906–08, 148).

Þess ber að geta að til þess að líta megi á boga, örvar og bogmennsku á táknrænan hátt þá verður að taka mið af samhengi þeirra við geranda og atburðarás, því vopnin geta vitaskuld einnig verið bókstafleg, án sérstakrar merkingar út fyrir verksvið sitt. Ef litið er til þess að beinleysi Ívars hafi getað skírskotað til getuleysis, sem fyrr var greint frá, þá má ætla að táknræn merking boga og örva sé vissulega til staðar. Til þess að sigrast á óvinum sínum verður Ívar fá karlmennsku og kynferðislega getu sem hann hefur ekki, í tilfalli Síbilju verður það sérlega aðkallandi þar eð hún, sem kýr, getur skírskotað til kynferðis og hugsanlega þeirra dísa sem Svíar blótuðu. Þess vegna er honum í því tilfalli færður *sterkur* bogi úr *miklu* tré til þess að sigra hana eða yfirbuga í kynferðislegum samskiptum. Það er engan veginn hægt að fullyrða að áheyrendur *Ragnars sögu* hafi allir skilið samskipti Ívars og Síbilju sem kynferðislega undirokun. Þó má einnig athuga, að burtséð frá mögulegu táknmáli þá eru líkamleg samskipti þeirra mjög nán; til að Síbilja sé endanlega úr sögunni verður Ívar bókstaflega að fleygja sér á hana. Af orðum Ívars að dæma virðist það vera forsenda þess að hún verði sigruð, annars muni hann sjálfur farast.

Eins og sjá má er athygli lesenda enn og aftur beint að líkama Ívars. Í þætti hans og Síbilju er hvað auðsæjast að hann er í raun ekkert annað en líkami sinn; líkami hans er bókstaflega færður á stall, borinn af mönnum og kastað með lítilli fyrirhöfn. Þessi líkami er ófullkominn, beinlaus og óræður. Slík einkenni má fella að hinum gróteska líkama sem fjallað var um í fyrsta kafla. Eins og hinn gróteski líkami þá er líkami Ívars ekki háleitur, heldur kann hann að hafa ýmsar skírskotanir til hins óæðra og alþýðlega, því að líkt og áður sagði gat líkamsgerð á miðöldum verið táknmynd mannkosta og samfélagsstöðu. Hinn

gróteski líkami stendur enn fremur í nánari tengslum við sína eigin náttúru og þá náttúru sem umlykur hann. Hann lætur sig afskræmingu og misþyrmingu litlu varða – þar sem hinn klassíska líkama getur ekki sett honum skorður þá getur hann hafið sig yfir mörk hins mögulega. Þegar Ívar lætur kasta sér á Síbilju sýnir hann hvers hins gróteski líkama er megnugur; eftir því sem hentar getur líkaminn falið í sér margbreytilega eiginleika, til skiptis verið léttur og þungur, svo skilgreiningar og klassísk form verða samstundis haldlaus. Hin mögulegu táknrænu kynmök Ívars og Síbilju, og líkamleg nánd þeirra í bardaganum, má svo ef til vill túlka sem n.k. sameiningu líkama og náttúru, ef haft er í huga að kýr gátu gegnt hlutverki frjósemistákns. Þannig öðlast hinn gróteski líkama hlutdeild í eilífðinni. Þessi táknræna sameining verður enn skýrari þegar litið er til þess sem gerist eftir sigurinn á Síbilju, að þegar menn Ívars taka hann upp verður rödd hans svo hvell að annað eins hafði ekki heyrst. Áður hefur verið minnst á rödd Ívars, þá í sambandi við mennsku hans, en nú má nefna hana í samhengi við Síbilju. Eins og fram hefur komið var það einmitt baul Síbilju sem vakti mönnum ótta, í sama þætti þeirra Ívars er sagt að svo mikill gnýr verði þegar Síbilja beljar „at þeir [menn] heyrdu iafngiorla, sem þeir þegi ok stedi kyrr“ (Olsen, 1906–08, 148). Ívar hlýtur sína miklu raust eftir sigurinn á Síbilju sem bendir til greinilegrar tengingar þeirra á milli. Gróteskur líkama Ívars sameinast þar náttúrunni og sigurvegarinn öðlast eiginleika andstæðingsins.⁵

Karnival þáttarins má þá loks segja að sýni sig í tvennu. Ef skilja má samneyti Ívars og Síbilju á kynferðislegan hátt þá felur þátturinn í sér ákveðna lausn frá kennisetningum kirkjunnar manna gegn kynferðislegu samneyti manna við dýr. Siðferði Ívars, geranda, má þá segja að liggi undir ámælum, en þó er þekkt að hetjum kann að leyfast ýmislegt sem aðrir mega ekki (Meulengracht-Sørensen, 1983, 15). Aftur á móti þá skipar gróteskt sköpunarlag Ívars öndvegi þessa þáttar, og með því virðast háleitar hugmyndir um hvernig hetja á að líta út eða hegða sér missa vægi sitt. Sú ályktun fær stuðning af fyrri umfjöllun um líkamsgerð Ívars og beinleysi hans, og hvað það kann að hafa þýtt fyrir áheyrendur *Ragnars sögu*. Að lokum þá dregur þátturinn saman mörg bókmenntaeinkenni karnivals og grótesku, ekki síst í þeim áhuga sem líkama Ívars er sýndur og umsnúningi á hefðbundnum hlutverkum; umfjöllun um Ívar og Síbilju leiddi í ljós að þau eru hvort tveggja óhefðbundin í sínum hlutverkum sem hetja og andstæðingur. Þegar *Ragnars saga* leiðir þau saman

⁵ Ronzitti (2007, 147) hefur einnig bent á hliðstæður Ívars og Síbilju en skýrir þær ekki frekar.

verður það enn auðsærra, ekki síst sökum þess á hve óvenjulegan hátt Ívar vegur Síbilju. Einvígi belju og beinleysingja hefur varla talist daglegt brauð.

Niðurstöður

Hér hefur verið leitast við að túlka þátt Ívars beinlausa og Síbilju út frá einkennum hins karnivalíska í hugmyndaheimi miðalda. Sá skilningur hefur ýmislegt í för með sér; t.a.m. er skemmst er frá því að greina, að túlkanir sem miða að því að auka veg Ívars sem hetjulegrar persónu standast ekki nána skoðun, og ýmislegt bendir til þess að ætla megi að áheyrendahópur *Ragnars sögu* hafi getað túlkað bæði persónu hans og gjörðir á andstæðan hátt. Í fyrsta kafla þessarar ritgerðar var hinn fræðilegi grundvöllur sem bókmenntagreiningin og endanleg niðurstaða hennar byggðist á útskýrður, kenningar Mikhail Bakhtins um karnival og hið gróteska. Þær kenningar hafa breiða menningarlega skírskotun og sem einkenni bókmennta sjást hugmyndirnar víða. Jafnframt eru þær vel til þess fallnar að sýna hvernig bókmenntatextar leita jafnvægis hins háleita og lága með því að snúa hinu viðtekna á rönguna og beina sjónum að því almenna. Hingað til hafa bókmenntaeinkenni karnivalsins og gróteskunnar mest verið yfirfærð á Íslendingasögur. Það kann að vera rökrétt þar sem Mikhail Bakhtin var bókmenntalegt raunsæi hugleikið. Aftur á móti hefur nú verið sýnt fram á að strangasta raunsæi þarf ekki að vera skilyrði karnivals og grótesku, og geta þau greiningartæki átt við aðrar bókmenntategundir þar sem hetjudáðir eru fyrirferðarmiklar, t.d. fornaldarsögur. Tilfelli *Ragnars sögu* er sérlega áleitð þar sem hetja hennar, Ívar, er í öllu falli óvenjuleg, og einkenni hetjunnar og höfuðandstæðingur virðast ekki eiga sér hliðstæðu í öðrum íslenskum miðaldabókmenntum.

Eitt megineinkenni Ívars er beinleysi hans, og í fyrri hluta annars kafla var sýnt fram á hvernig líkamleg sérkenni hans og viðurnefni styðja þá túlkun að hann sé nokkuð öfugsnúin hetja. Viðurnefnið, *hinn beinlausi*, hafði greinilegar skírskotanir til kynferðislegs getuleysis á ritunartíma *Ragnars sögu* og gat aukinheldur vísað til bókstaflegri merkingar. Sýnt var hvernig hvorutveggja hin táknræna og bókstaflega merking beinleysis samverkar við persónusköpun Ívars; burtséð frá þeirri merkingu sem viðurnefnið kann að hafa haft þá kunna áheyrendur *Ragnars sögu* sömuleiðis að hafa túlkað Ívar út frá líkamlegum einkennum, og kann sú túlkun að hafa verið persónu hans fremur til minnkunar en

göfgunar. Að lokum, í ljósi þess, var lagt til að Ívar beinlausni vitni um þá karnivalísku hefð að hefja ólíklegan einstakling til tignar. Eins og Ívar er óhefðbundin hetja þá er höfuðandstæðingur hans, kýrin Síbilja, ekki síður óhefðbundinn í sínu hlutverki. Í síðari hluta annars kafla var gerð grein fyrir þeim umsnúningi sem verður þegar Síbilja leiðir herlið í stað Eysteins konungs, og færð fyrir því rök að hún kunni að hafa þótt ótrúverðugur herforingi af áheyrendum *Ragnars sögu*, m.a. í ljósi táknrænnar merkingar kúa í norrænu samhengi. Þó var þeim möguleika einnig haldið opnum að Síbilja kunni að hafa verið skilin í samhengi við blóthefðir Svía og jafnvel kvenlegar vættir sérstaklega.

Þættir þeirra Ívars og Síbilju voru tengdir saman í þriðja og síðasta kafla með bókmenntagreiningu á einvígi þeirra. Greiningin varð til þess að styrkja frekar túlkun Ívars sem karnivalískrar hetju og sýndi hvernig gróteskur líkami hans er upphafinn og miðlægur í einvíginu. Enn fremur voru hin kynferðislegu einkenni samneytis þeirra dregin fram; í ljósi tengsla Ívars við getuleysi og kynferðislegs tákn máls bardagans, sem og skírskotanir Síbilju til kynferðis og frjósemi, þá virðist tilefni til þess að ætla að slíkur undirtexti kunni að vera til staðar. Bardaginn skapar þá karnivalíska umgjörð tveggja karnivalískra andstæðinga, lærðar hugmyndir um viðeigandi samskipti manns og dýrs eru láttnar liggja á milli hluta og gróteskan verður allsráðandi. Lýkur honum með táknrænni sameiningu Síbilju og Ívars, belju og beinleysingja.

Heimildir

Adam frá Brimum. (1876). *Gesta Hammaburgensis ecclesiae pontificum*. Hannover: Impensis Bibliopolii Hahniani.

Aðalheiður Guðmundsdóttir. (2017). Behind the cloak, between the lines: Trolls and the symbolism of their clothing in Old Norse tradition. *European Journal of Scandinavian Studies*, 47 (2), 327-350.

– (2009). Siðferði gleðinnar: Um danskvæði og dansmenningu fyrri alda. *Saga*, 47 (1), 102–121.

Ármann Jakobsson. (2013). Fötlun á Íslandi á miðöldum: Svipmyndir. Í Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar), *Fötlun og menning: Íslandssagan í öðru ljósi* (bls. 51–69). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

– (2009). *Illa fenginn mjöður: Lesið í miðaldatexta*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Bakhtin, Mikhail. (1984). *Rabelais and His World* (þýð. Helene Iswolsky). Indiana: University Press.

Boberg, Inger. (1966). *Motif-Index of Early Icelandic Literature*. Bibliotheca Arnamagnæana: 27. bindi. Kaupmannahöfn: Munksgaard.

Chadwick, Nora. (1959). The Monsters and Beowulf. Í Peter Clemons (ritstjóri), *The Anglo-Saxons: Studies in some aspects of their history and culture presented to Bruce Dickins* (bls. 171–203). London: Bowes & Bowes.

Davidson, H.R. Ellis. (1988). *Myths and symbols in pagan Europe: Early Scandinavian and Celtic religions*. Manchester: University Press.

Dundes, Alan. (1991). The 1991 Archer Taylor Memorial Lecture - The Apple-Shot: Interpreting the Legend of William Tell. *Western Folklore*, 50 (4), 327–360. Sótt 15. mars 2018 af <http://www.jstor.org/stable/1499673>

Eichhorn-Mulligan, Amy. (2006). Contextualizing Old Norse – Icelandic Bodies. Í John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick (ritstjórar), *The Fantastic in Old*

- Norse/Icelandic Literature - Sagas and the British Isles*: 1. bindi (bls. 198–207).
Durham: The Centre for Medieval and Renaissance Studies.
- Emerson, Caryl. (1997). *The First Hundred Years of Mikhail Bakhtin*. Princeton:
University Press.
- Eriksson, Stig A. (2002). Christmas Traditions and Performance Rituals: A Look at
Christmas Celebrations in a Nordic Context. *Applied Theatre Researcher*, 3. Sótt
24. janúar 2018 af <https://www.researchgate.net/publication/228714755>
- Finnur Jónsson. (1931). *Edda Snorra Sturlusonar*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Gunnar Þorri Pétursson. (2016). Bakhtín à la Kress: Karnival og gróteska. *Skírnir*, 190
(vor), 156–184.
- Gunnell, Terry. (2000). The Season of the Dísir: The Winter Nights, and the Dísablót in
Early Medieval Scandinavian belief. *Cosmos*, 16, 117–149.
- (1995). *The Origins of Drama in Scandinavia*. Cambridge: D.S. Brewer.
- Gúrevítsj, Aron. (1988). *Medieval Popular Culture: Problems of Belief and Perception*
(þýð. János M. Bak og Paul A. Hollingsworth). Í Peter Burke (ritstjóri ritraðar),
Cambridge Studies in Oral and Literate Culture: 14. bindi. Cambridge:
University Press.
- (1985). *Categories of Medieval Culture* (þýð. G.L. Campbell). London: Routledge &
Kegan Paul.
- Hauksbók. (1892–6). *Hauksbók: Udgiven efter de Arnamagnæanske Håndskrifter No.
371, 544 og 675, 4^o Samt Forskellige Papirshåndskrifter*. Kaupmannahöfn: Det
Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab.
- Helga Kress. (2009). Confessio Turpissima: Um skriftamál Ólafar ríku Loftsdóttur. Í
Helgu Kress (ritstjóri), *Óþarfar unnustur og aðrar greinar um íslenskar
bókmenntir* (bls. 70–92). Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla
Íslands.

- (1996a). Formáli. *Fyrir dyrum fósturu: Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum* (bls. 7–14). Háskóli Íslands: Rannsóknastofa í kvennafræðum.
 - (1996b). Bróklindi Falgeirs: *Fóstbræðra saga* og hláturmenning miðalda. *Fyrir dyrum fósturu: Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum* (bls. 45–66). Háskóli Íslands: Rannsóknastofa í kvennafræðum.
 - (1996c). Staðlausir stafir: Slúður sem uppspretta frásagnar í Íslendingasögum. *Fyrir dyrum fósturu: Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum* (bls. 101–134). Háskóli Íslands: Rannsóknastofa í kvennafræðum.
 - (1996d). Njálsbrenna: Karnival í landeyjum. *Fyrir dyrum fósturu: Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum* (bls. 157–166). Háskóli Íslands: Rannsóknastofa í kvennafræðum.
- Hume, Kathryn. (1980). From Saga to Romance: The Use of Monsters in Old Norse Literature. *Studies in Philology*, 77(1), 1–25. Sótt 25. janúar 2018 af <http://www.jstor.org/stable/4174026>
- Ivar The Boneless. (1957). *The British Medical Journal*, 1 (5028), 1172–1173. Sótt 25. janúar 2018 af <http://www.jstor.org/stable/25382552>
- Jennbert, Kristina. (2011). *Animals and Humans: Recurrent Symbiosis in Archaeology and Old Norse Religion*. Lund: Nordic Academic Press.
- Jochens, Jenny. (2000). Old Norse sexuality: Men, women and beasts. Í Vern L. Bullough og James Brundage (ritstjórar), *Handbook of Medieval Sexuality* (bls. 369–400). London: Garland.
- Jón Árnason. (1959). *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV*. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason (gáfu út). (2014). *Eddukvæði I*. Í Þórður Ingi Guðjónsson (ritstjóri). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Keyser, R. og Munch, P.A. (gáfu út). (1846). *Norges gamle Love indtil 1387*. Christiania: Kongelige Norske Videnskabers Selskab.

- McTurk, Rory. (1996). Ívarr the Boneless and the Amphibious Cow. Í Patricia Lysaght, Séamas Ó. Catháin og Dáithí Ó. hÓgáin (ritstjórar), *Islanders and Water-Dwellers: Proceedings of The Celtic-Nordic-Baltic Folklore Symposium held at University College Dublin 16-19 June 1996* (bls. 189–204). Dublin: DBA Publications Ltd.
- (1991). *Studies in Ragnars saga Loðbrókar and its Major Scandinavian Analogues*. Oxford: The Society for the Study of Mediæval Languages and Literature.
- Meulengracht-Sørensen, Preben. (1983). *The Unmanly Man: Concepts of sexual defamation in early Northern society* (þýð. Joan Turville-Petre). Odense: University Press.
- Mundal, Else. (2006). The Treatment of the Supernatural and the Fantastic in Different Saga Genres. Í John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick (ritstjórar), *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature - Sagas and the British Isles: 2. bindi* (bls. 718–726). Durham: The Centre for Medieval and Renaissance Studies.
- Olrik, Axel. (1894). Skjoldunga saga i Arngrim Jonssons udtog. *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie*, 9, 83–164.
- Olsen, Magnus (gaf út). (1906–08). *Völsunga saga ok Ragnars saga Loðbrókar*. Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel Nordisk litteratur.
- Orning, Hans. (2010). The Magical Reality of the Late Middle Ages: Exploring the World of the Fornaldarsögur. *Scandinavian Journal of History*, 3 (1), 3–20.
- Paynter, Helen. (2016). *Reduced Laughter: Seriocomic Features and their Functions in the Book of Kings*. Leiden: Brill.
- Platón. (1929). *Timaeus and Critias* (þýð. A.E. Taylor). London: Methuen & Co. Ltd.
- Rafn, C.C. (gaf út). (1829). *Fornaldar sögur Norðrlanda eptir gömlum handritum: IV. bindi*. Kaupmannahöfn: [Án útgáfufyrirtækis].

- Ronzitti, Rosa. (2007). Sabalā and Síbilja: A Journey from India to Iceland. *International Journal of Diachronic Linguistics and Linguistic Reconstruction*, 4, 135–157.
- Rowe, Elizabeth Ashman. (2012). *Vikings in the West: The Legend of Ragnar Loðbrók and His Sons*. Wien: Fassbaender.
- Salisbury, Joyce E. (1994). *The Beast Within: Animals in the Middle Ages*. London: Routledge.
- Skúli Björn Gunnarsson. (1996). Hið íslenska hirðffl: Um ffílsku Sneglu-Halla og Hreiðars heimska. *Mímir*, 35 (43), 55–63.
- Sveinbjörn Rafnsson. (1982). Skriftaboð Þorláks biskups. *Gripla*, 5 (1), 77–114.
- Sverrir Tómasson. (1992). Konungasögur. Í Vésteinn Ólason (ritstjóri), *Íslensk bókmenntasaga I* (bls. 358–401). Reykjavík: Mál og menning.
- Torfi H Tulinius. (2002). *The Matter of the North: The Rise of Literary Fiction in Thirteenth-Century Iceland* (þýð. Randi C. Eldevik). Í Margaret Clunies Ross og Preben Meulengracht-Sørensen (ritstjórar ritraðar), *The Viking Collection – Studies in Northern Civilization*: 13. bindi. Odense: University Press.
- (1993). Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum. Í Vésteinn Ólason (ritstjóri), *Íslensk bókmenntasaga II* (bls. 167–246). Reykjavík: Mál og menning.
- Vaz da Silva, Francisco. (2014). Why Cinderella’s Mother Becomes a Cow. *Marvels & Tales*, 28 (1), 25-37.
- Williams, David. (1996). *Deformed Discourse: The Function of the Monster in Mediaeval Thought and Literature*. Montreal: McGill-Queen’s University Press.